

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Ár 2017, föstudaginn 20. janúar, var haldinn 159. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Línal Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, og Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnasviðs. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Starfsáætlun stjórnar 2017
Formaður lagði fram starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2017.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Starfsáætlun stjórnar SHS 2017, dags. 20. janúar 2017.
Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar.
2. Verkefni ársins 2016
Slökkviliðsstjóri fór yfir verkefni aðgerðasviðs SHS á árinu 2016.
Afgreiðsla: Kynning.
3. Óleyfisbúðir og óleyfisbúseta í atvinnu- og iðnaðarhúsnæði
Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu mála forvarnasviðs sem snúa að brunavörnum í óleyfisbúsetu í atvinnu- og iðnaðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.
Afgreiðsla: Kynning. Slökkviliðsstjóra falið að kortleggja umfangið í samvinnu við sveitarfélögin.
4. Fundir í almannavarnanefnd 2017
Lögð var fram tillaga um að fundir í almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins yrðu fjórir á árinu 2017, í febrúar, apríl, september og nóvember.
Afgreiðsla: Samþykkt.
5. Önnur mál
Farið yfir nokkur önnur mál.

Næsti fundur verður föstudaginn 17. febrúar 2017.

Fundi slitið klukkan 09.00

Dagur B. Eggertsson

Gunnar Einarsson
Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson

Fylgiskjöl:

- Starfsáætlun stjórnar SHS 2017, dags. 20. janúar 2017